

340. – Stjórnarfundur LEB þriðjudag 13. apríl 2021.

kl. 13.00 - 15.00. Fjarfundur í ZOOM

Mættir : Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Haukur Halldórsson., Valgerður Sigurðardóttir, Dagbjört Höskuldsdóttir, Ingibjörg H.Sverrisdóttir, Þorbjörn Guðmundsson, Ingólfur Hrólfsson og Guðfinna Ólafsdóttir. Einnig sat fundinn Viðar Eggertsson, skrifstofustjóri LEB

Fundargerð síðasta fundar. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Verkefni milli funda

- a) Þórunn, Þorbjörn, Ingibjörg, Valgerður og Ingólfur sögðu frá fundum sem Aðgerðarhópurinn hefur haldið með fulltrúum stjórnaráflokka um áhersluatriði eldri borgara fyrir næstu kosningar. Voru þau á því að fundirnir hefðu verið jákvæðir og vel tekið í áhersluatriðin eins og þau voru kynnt fyrir þeim. Þau voru á því að rétt væri að víkka út þá hópa sem þau myndu kynna þetta fyrir, til dæmis á vettvangi sveitarstjórna og stóru launþegasamtanna. Stjórnin samþykkti að talað verði við sem flesta. Valgerður sagðist verða að yfirgefa fundinn, því hún væri á leið á fund með sveitarstjórnarfólki og ætlar að kynna fyrir þeim áhersluatriðin.
- b) Haukur sagði frá því að ekki hefði mikið gerst hjá starfshópi félagsmálaráðuneytis en þó væri komin drög að áfangaskýrslu, en hún væri mjög almenns eðlis.

2. Landsfundur LEB 2021

- a) Í dag verður sent út formlegt landsfundarboð til allra aðildarfélaga LEB með dagskrá samkvæmt lögum LEB.
- b) Einnig verðar sendar út tillögur stjórnar:
 - 1) Tillögur velferðarnefndar liggur fyrir og verður send út.
 - 2) Kjaramálanefnd samþykkti áherslur Aðgerðarhópsins og verða þær sendar út.
 - 3) Laganefnd gerir ekki tillögur um lagabreytingar en ein breytingartillaga kom frá félaginu í Hafnarfirði sem barst stjórn LEB fyrir síðasta stjórnarfund og var bókuð í þeirri fundargerð. Verður hún send út nú til aðildarfélaganna.
- d) Rætt um mögulegan fundarstjóra, ritara, fræðsluerindi og skemmtiefni. Guðfinna tekur að sér að finna áhugavert efni og staði á Selfossi fyrir þátttakendur landsfundar. Ekkert frekar ákveðið nú.

3. Kjörbréfanefnd

Skipa þarf kjörbréfanefnd. Haukur minntist á að þörf gæti orðið á því að færa til frest

aðildarfélag til að skila kjörbréfum.

Samþykkt að Guðfinna bæði Guðmund Guðmundsson á Selfossi um að taka að sér formennsku í kjörbréfanefnd.

4. Kostnaðarpáttaka LEB

Lögð fram tillaga um kostnaðarpáttöku LEB vegna kostnaðar aðildarféлага af þáttöku á landsfundi skv. lögum LEB.

Samþykkt samhljóða.

5. Hótel Selfoss

Lagt fram tilboð frá Hótel Selfossi vegna fundaraðstöðu, veitinga og gistingar.

Samþykkt samhljóða

6. Ný skýrsla/könnun félagsvísindastofnunar: Hagir og líðan aldraðra 2020

Þórunn sagði frá könnunni og nefndi nokkra breytingar sem lesa má út úr samanburði við fyrri kannanir. Dagbjört sagði að umræður um skýrsluna hefðu farið fram hjá Velferðarnefnd. Skýrslan væri mjög viðamikil, mikill fróðleikur væri þar, en þetta er í fimmta sinn sem þessi könnun er gerð. Velferðarnefndin hefði ekki treyst sér til að setja neitt um hana inn í ályktunina en mæltist til að henni eða úrdrætti úr henni yrði dreift á landsfundinum.

Samþykkt.

7. Hver er staða fólks sem er fullbólusett?

Umræður um hagi og stöðu fólks í bólusetningarferlinum..

8. Önnur mál :

- a) Þorbjörn ræddi um frekari kynningu á áherslumálum eldra fólks vegna alþingiskosninganna og sagði að við þyrftum að vera vel sýnileg og helst fá almannatengil til að ráðleggja okkur í því. Rætt um heppilega tímasetningu, en ekkert ákveðið í þessu efni.
- b) Haukur minntist á frumvarp sem Bjarni Benediktsson hefur lagt fram á þingi um lífeyrismál. Miklar umræður um þessa lagasetningu eru innan raða eldri borgara og annarra um frumvarpið. Þórunn, Þorbjörn og Haukur munu taka þetta fyrir á fundi í starfshópi félagsmálaráðuneytisins sem haldinn verður fljótlega.
Samþykkt að Þórunn og Þorbjörn myndu skoða málið, hvað fælist raunverulega í þessum breytingum og láta stjórnarmenn vita sem allra fyrst.
- c) Ingólfur sagði frá því að fundir væru byrjaðir í starfshóp um réttargæslumenn fyrir aldraðra. Átök gætu orðið um það hvaða mál slíkur aðili ætti að fjalla um. Fundað

verður vikulega en Ingólfur er hræddur um að endanlegt álit muni ekki koma til framkvæmda.

- d) Viðar las upp úr Lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga en þar kemur skýrt fram að þeim ber að veita skjólstæðingum sínum ýmiskonar ráðgjöf. Vitnaði Viðar þar til Kafa V. 16.gr. og 17.gr. laganna: „Markmið hennar er að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál annars vegar og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hins vegar.“ Og: „Félagsleg ráðgjöf tekur m.a. til ráðgjafar á sviði fjármála, húsnæðismála...”
Sjá lög [HÉR](#)

Stefnt er að næsta stjórnarfundum 5. eða 6. maí.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Dagbjört Höskuldsdóttir, ritari.

Dagbjört Höskuldsdóttir
Ingibjörg H. Gunnar
Þorbjörn Guðmundsson
Haukur Halldórsson
Þórunn Þórunn
Margrét Sigurðardóttir
Guðmunda Ólafur
Dýsja Hólfur